

Byltingarárin 1945–1970

Móðernísk ljóð

Síðdegi

eftir Stefán Hörð Grímsson

Síðdegi í Austurheimi.
Blóm af holdi og blóði ganga þorpsstíginn.
Loftveginn koma steikingasveinar.

Þær greina ekki hljóðpípuleik
unnustans í skógarjaðrinum:
Steikt brjóst. Brenndar geirvörtur. Sviðin skaut...

En nú er krossmarkað í Vesturheimi
við upphaf fengitíðar.

Úti kveikir ágúst bleika sigð.
(Hliðin á sléttunni, 1970)

Verkefni:

- Skáldið setur hér upp sterkar andstæður, Austurheim og Vesturheim. Hvaða lönd fela sig á bak við þessi orð? Hvers vegna eru þessi tvö hugtök andstæður?
- Hvað merkir orðið steikingasveinn? Hvað merkja blóm af holdi og blóði? Hvaða áhrifum nær skáldið fram með því að nota þessi orð?
- Hvað á skáldið við með orðunum: En nú er krossmarkað í Vesturheimi?
- Hvers konar myndmál felst í síðasta erindinu (sem er bara ein lína)? Útskýrðu það vel.